

í heiðurs skyni verður ekki veitt nema með samþykki  $\frac{3}{4}$  hluta allra atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi. Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga ekki atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta.

### 8. gr.

Framan við 38. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Prófessorar, dósentar og lektorar í tilteknum kennslugreinum geta jafnframt haft starfsaðstöðu við opinberar stofnanir utan Háskólans, ef Háskólinn hefur ekki tök á að koma upp slíkri aðstöðu í viðkomandi fræðigrein. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru um slíkar stöður skv. háskólalögum. Heimild til slíkra starfa má aðeins veita með samþykki háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar í hverju einstöku tilviki.

### 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Magnús T. Ólafsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Aftan við 21. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef námssamningur kemur til staðfestingar hjá iðnfulltrúa, skal hann taka ákveðið gjald af báðum samningsaðilum, er greiðist iðnnemasambandi Íslands og fari til eflingar fræðslustarfs þess um iðnfræðslulöggjöfina. Gjald iðnfyrirtækis eða iðnmeistara skal vera 1% af fyrsta árs árlegu lágmarkskaupi iðnnema í rafvirkjun, eins og það er hverju sinni, en gjald nemans  $\frac{1}{2}\%$  af sömu upphæð. Greiðist það í eitt skipti fyrir öll.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Magnús T. Ólafsson.*